

RÍKISENDURSKOÐUN

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Endurskoðun 2021



Endurskoðunarskýrsla

Desember 2022

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Inngangur..... | 4 |
| 1 Lykiltölur úr rekstri..... | 5 |
| 2 Ábendingar og athugasemdir..... | 6 |
| 3 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum..... | 7 |
| 3.1 Viðbrögð embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu..... | 7 |
| 4 Áhættumat og mikilvægi | 8 |
| 5 Fjárveiting og rekstur..... | 9 |
| 5.1 Fjárveitingar..... | 9 |
| 5.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar..... | 9 |
| 5.1.2 Fjárveitingar – heimild til fjárfestingar..... | 9 |
| 5.2 Rekstraráætlun..... | 9 |
| 5.3 Niðurstöður | 10 |
| 6 Innra eftirlit..... | 11 |
| 6.1 Inngangur..... | 11 |
| 6.2 Umfjöllun..... | 11 |
| 6.3 Niðurstöður/ábendingar..... | 11 |
| 7 Fylgni við lög og reglur | 13 |
| 7.1 Inngangur..... | 13 |
| 7.2 Opinber innkaup..... | 13 |
| 7.3 Bílaleigubílar/bílakaup..... | 13 |
| 7.4 Risna..... | 13 |
| 7.5 Innkaupakort..... | 13 |
| 7.6 Niðurstöður/ábendingar..... | 14 |
| 8 Endurskoðun rekstrarliða | 15 |
| 8.1 Rekstrartekjur..... | 15 |
| 8.2 Launakostnaður | 15 |
| 8.3 Önnur rekstrargjöld..... | 15 |
| 8.4 Niðurstöður | 16 |

| | | |
|-----------|---------------------------------|-----------|
| 9 | Endurskoðun efnahagsliða | 17 |
| 9.1 | Eignir | 17 |
| 9.1.1 | Fastafjármunir | 17 |
| 9.1.2 | Veltufjármunir | 17 |
| 9.2 | Eigið fé og skuldir | 18 |
| 9.2.1 | Eigið fé | 18 |
| 9.2.2 | Skuldir | 18 |
| 9.3 | Niðurstöður/ábendingar | 19 |
| 10 | Önnur atriði | 20 |
| 10.1 | Óhæðisyfirlýsing | 20 |
| 10.2 | Samþykki ársreiknings | 20 |

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2021.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur lögreglustjóraembættisins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:




Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.


Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmat fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu var síðast endurskoðað vegna ársins 2016.

1 Lykiltölur úr rekstri



Eigið fé í árslok (m.kr.)



2 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi ábendingum og athugasemdum en smávægilegum ábendingum var komið beint á framfæri við stjórnendur þegar endurskoðunarvinna fór fram.

1

Birgðir

Rýrnun lagers reyndist vera 6,1 m.kr. miðað við talningu. Gerð er athugasemd um að virði lagersins var ekki fært til samræmis við þær niðurstöður. Lagt er til að lagerinn sé talinn með kerfisbundnum hætti innan ársins og borinn saman við bókhald. Endurbæta þarf gildandi verklagsreglur um birgðahald.

2

Handbók

Handbók um rekstrar- og fjármálaleg atriði er ekki til staðar. Í ljósi þess að um tiltölulega stóran vinnustað er að ræða er nauðsynlegt að formleg handbók sé til staðar og uppfærð reglulega.

3

Innkaupakort

Lagt er til að notkun innkaupakorta verði takmörkuð við smærri viðskipti.

3 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum

3.1 Viðbrögð embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu

Eftirfarandi eru viðbrögð embættisins vegna ábendinga sem gerðar voru vegna endurskoðunar 2021:

1. Birgðir

„Embættið mun telja lagerinn með reglubundnari og kerfisbundnari hætti ásamt því að endurbæta verklagsreglur um birgðahald þar sem fyrirkomulag talningar og aðrir verkferlar verður skýrmerkilega skráð.“

2. Handbók

„Embættið tekur undir gagnsemi og mikilvægi þess að formleg handbók um rekstrar- og fjármálaleg atriði sé til staðar. Farið verður í að útbúa slíka handbók.“

3. Innkaupakort

„Embættið tekur undir þá tillögu að notkun á innkaupakortum verði takmörkuð við smærri viðskipti. Tillagan er í samræmi við verklagsreglur Fjársýslu ríkisins um innkaupakort sem samningar embættisins um innkaupakort byggja á. Embættið mun skerpa á því verklagi við korthafa.“

4. Aðrar ábendingar

„Embættið tekur undir aðrar ábendingar sem koma fram í skýrslunni og telur að formleg handbók um rekstrar- og fjárhagsleg atriði muni tryggja úrbætur á þeim ábendingum.“

4 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningsskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga en liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi embættisins eins og kostur er. Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningsskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og að kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu.



Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af rekstrargjöldum ársins, eða 131 m.kr. Með mikilvægismörkum er átt við hámark þeirrar fjármunalegu skekkju sem ekki er talin hafa áhrif á upplýstan lesanda reikningsskilanna. Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum sem finnast og máli skipta komið á framfæri við stjórnendur

Við mat á áhættu og mikilvægi einstakra fjárlagaliða og stofnana eru jafnframt ákveðnir þættir hafðir til hliðsjónar m.a. eðli og umfang fjárlagaliðar eða stofnunar, fyrri athugasemdir og fyrirkomulag bókhalds hjá stofnun.

5 Fjárveiting og rekstur

5.1 Fjárveitingar

5.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting til embættisins vegna rekstrar samkvæmt fylgiriti fjárlaga fyrir árið 2021 nam 6.215,9 m.kr. sem skiptist þannig að 137,3 m.kr. voru fjármagnaðar með rekstrartekjum og 6.078,6 m.kr. með beinu framlagi úr ríkissjóði. Fjárveitingar í fjáráukalögum námu 501,8 m.kr. einkum vegna Covid-tengdra verkefna embættisins og tekjufærsla frestaðra tekna vegna afskrifta nam 107,5 m.kr. Af almennum varasjóði voru millifærðar 161,6 m.kr. sem voru launabætur vegna styttingar vinnuviku hjá vaktavinnufólki í tengslum við stofnanasamninga og 10 m.kr. voru millifærðar af varasjóði málaflokka til að styrkja rannsóknarsvið. Endanlegt framlag úr ríkissjóði fyrir árið 2021 nam því 6.859,5 m.kr.

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2021

| Í þús.kr. | Fjárveiting 2021 | Rekstur 2021 | Frávik 2021 | Rekstur 2020 |
|---------------------|------------------|------------------|----------------|------------------|
| Rekstrartekjur | -137.300 | -198.356 | 61.056 | -202.497 |
| Launagjöld | 6.228.100 | 5.458.467 | 769.633 | 5.227.555 |
| Önnur rekstrargjöld | 661.200 | 992.599 | -331.399 | 1.050.232 |
| Afskriftir | 107.514 | 107.514 | 0 | 105.897 |
| Rekstrartilfærslur | 0 | 1.215 | -1.215 | 0 |
| Aðrar tilfærslur | 0 | 433 | -433 | 2.611 |
| Samtals | 6.859.514 | 6.361.873 | 497.641 | 6.183.798 |

Afkoma ársins hjá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu var jákvæð um 497,6 m.kr. og eigið fé í árslok var jákvætt um 74,4 m.kr. Rekstur ársins 2021 hækkaði um 178,1 m.kr. frá fyrra ári.

5.1.2 Fjárveitingar – heimild til fjárfestingar

Embættið fékk 160,0 m.kr. heimild til fjárfestingar eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2021. Til viðbótar kom millifærsla af fjárlagalið 06-390 úr *Silk Road sjóði* til fjárfestinga á búnaði til að takast á við skipulagða glæpastarfsemi að fjárhæð 79,3 m.kr. Til viðbótar var 5,2 m.kr. söluhagnaður af eignum auk þess að bókfært verð seldra eigna nam 1,8 m.kr. Fjárfestingar ársins námu 168,5 m.kr. skv. ársreikningi. Staða ónotaðra fjárveitinga í upphafi árs 2021 var neikvæð um 34,1 m.kr. en var jákvæð um 43,7 m.kr. í árslok 2021.

5.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Gerð var rekstraráætlun fyrir árið 2021 og var hún færð í Orra. Einnig liggja fyrir upplýsingar um að lögreglustjóri og yfirmenn embættisins fylgjast reglulega með því hvort tekjur og gjöld séu í samræmi við áætlun ársins.

5.3 Niðurstöður

Eftirfarandi niðurstöður komu fram við skoðun fjárveitinga og reksturs embættisins:

Afkoma ársins var jákvæð um 497,6 m.kr. Uppsafnaður höfuðstóll var 74,4 m.kr. í árslok 2021 og staða fjárfestingarframlags var innan fjárfestingarheimildar um 43,7 m.kr. í lok árs 2021. Gerð var rekstraráætlun sem færð var í Orra.

6 Innra eftirlit

6.1 Inngangur

Lögreglustjóri ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

6.2 Umfjöllun

Könnun á innra eftirliti leiddi í ljós að ýmsir þættir stuðla að virku innra eftirliti hjá embættinu. Skriflegar verklagsreglur eru til staðar um launaferilinn og innkaup. Hjá embættinu gilda siðareglur og samþykkt mannauðsstefna. Embættið er með jafnlaunastefnu, jafnréttisáætlun og jafnlaunavottun. Skipurit er til staðar. Starfseminni er skipt niður í sjö svið þar sem verkefni eru skilgreind. Á skrifstofu lögreglustjóra eru gerðar kannanir á eftirlitsþáttum einkum varðandi málefni lögreglunnar.

Starfsemi fjármálasviðs byggist á verklagsreglum en formleg handbók um rekstrar- og fjármálaleg atriði er ekki til staðar og ekki er heldur til staðar skriflegt áhættumat varðandi fjármál og rekstur. Bent er á að reglur um innkaup og verklagsreglur um birgðir hafa ekki verið uppfærðar. Sama gildir um verklagsreglur um rekstrartekjur.

Embættið er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins en sér sjálft um að greiða reikninga vegna endurgreiðslu á kostnaði vegna starfsmanna, stefnuvotta, blóðtökuvottorða og alla erlenda reikninga.

Einnig er tekið á móti greiðslum vegna leyfa og sekta í TBR innheimtu. Hvorki reikningar sem flokka má undir málskostnað í opinberum málum né TBR innheimta voru könnuð sérstaklega í þessari endurskoðun.

Mikilvægt er að farið sé yfir aðgang starfsmanna að bankareikningum og að aðgangi þeirra sem hættir eru sé lokað. Lesaðgangi að bankareikningum án nafns hefur verið lokað skv. upplýsingum embættisins. Einnig þarf að yfirfara lista yfir prókúruhafa. Á þeim lista reyndust vera nöfn starfsmanna sem eru hættir.

6.3 Niðurstöður/ábendingar

Niðurstaða skoðunar er að innra eftirlit tryggir viðunandi árangur í starfsemi embættisins með tilliti til þeirra þátta sem skoðaðir voru. Ríkisendurskoðun telur þó að gera megi eftirtaldar úrbætur til að auka skilvirkni innra eftirlits hjá embættinu:

Handbók um rekstrar- og fjármálaleg atriði er ekki til staðar. Í ljósi þess að um tiltölulega stóran vinnustað er að ræða er lagt til að formleg handbók sé til staðar fyrir rekstur og fjármál og að hún sé uppfærð reglulega.

Uppfæra þarf fyrirliggjandi reglur um innkaup, birgðir og rekstrartekjur.

Mikilvægt er að farið sé reglulega yfir aðgang starfsmanna að bankareikningum og að tryggt sé að aðgangi þeirra sem hættir eru sé lokað. Sama má segja um lista bankans yfir prókúruhafa.

7 Fylgni við lög og reglur

7.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur embættisins hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og samninga þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 5.

7.2 Opinber innkaup

Í verklagsreglum embættisins koma fram fyrirmæli um útboðsskyldu, notkun rammamninga og verðkannana. Fyrirmæli eru um að varðveita skuldi skjöl í sambandi við innkaup í skjalakerfi. Fram komu upplýsingar um að ekki hefur verið haldið utan um þessi skjöl miðlægt með markvissum hætti.

Í reglugerð nr. 325/2021 um starfsemi, hlutverk og ábyrgð embættis ríkislögreglustjóra er vísað sérstaklega til ákvæða í lögreglulögum nr. 90/1996. Í 14. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um innkaup lögregluembættis. Fyrir liggja upplýsingar um að hjá ríkislögreglustjóra fari fram ákveðið samstarf og samræming um innkaup hjá lögregluembættum í samstarfi við Ríkiskaup.

7.3 Bílaleigubílar/bílakaup

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1281/2014 um bifreiðamál ríkisins skulu kaup eða rekstrarleiga á bifreiðum eiga sér stað að fengnu samþykki bílanefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Að öllu jöfnu eiga Ríkiskaup að kaupa bifreiðar og afla rekstrarleigubifreiða að undangengnu útboði. Í svörum embættisins kom fram að leitað var formlegs samþykkis bílanefndar fyrir endurnýjun lögreglubifreiða. Þarfagreining og útboð var unnið með Ríkiskaupum.

7.4 Risna

Risnueyðublöð voru fyllt út með reikningum fyrir risnu. Þau voru staðfest af fjármálastjóra en ekki lögreglustjóra eins og reglur embættisins kveða á um. Gengið var frá umboði frá lögreglustjóra á þessu ári sem felur í sér að fjármálastjóri hafi umboð til að samþykkja risnureikninga.

7.5 Innkaupakort

Samkvæmt yfirliti frá Íslandsbanka eru 40 innkaupakort í gildi auk tveggja korta hjá Arion banka. Talsvert af þeim kortum eru merkt þannig að viðkomandi kort sé ekki gild og tengist það starfsmönnum sem eru hættir störfum.

Samkvæmt verklagsreglum Fjársýslu ríkisins er miðað við að kortið sé almennt notað í smærri viðskiptum. Innkaupakort nýtast t.d. á ferðalögum. Að mati Ríkisendurskoðunar er full ástæða til að endurmeta þörfina á innkaupakortum með það fyrir augum að draga úr notkun þeirra og að allir almennir reikningar frá birgjum fari til samþykktar í gegnum lánardrottnakerfi sem síðan greiðast hjá gjaldkera.

7.6 Niðurstöður/ábingar

Taka þarf eftirfarandi atriði til skoðunar:

Lagt er til að notkun innkaupakorta verði takmörkuð við smærri viðskipti.

Ekki hefur verið haldið utan um skjöl vegna innkaupa með nægilega markvissum hætti. Gera þarf úrbætur á því.

8 Endurskoðun rekstrarliða

Afkoma embættisins árið 2021 var jákvæð um 497,6 m.kr. og eins og fram kemur í kafla 9 var eigið fé í árslok jákvætt um 74,4 m.kr.

8.1 Rekstrartekjur

Rekstrartekjur embættisins námu 198,4 m.kr. sem er um 3% af heildarútgjöldum ársins. Um er að ræða selda þjónustu eða styrki frá Vinnumálastofnun. Það skal tekið fram að þeir styrkir voru vegna tímabundinna átaksverkefna og er þar ekki um reglulegar eða varanlegar tekjur að ræða. Undirliggjandi gögn voru könnuð með úrtaki. Stærstu tekjuliðirnir byggjast á samningum. Einkum er að ræða þjónustu lögreglunnar við ríkislögreglustjóra og Útlendingastofnun. Samningur við Útlendingastofnun er frá 2018 um móttöku og skráningu umsækjenda um vernd. Samningur við Ríkislögreglustjóra um vöktun og öryggisgæslu á Bessastöðum var undirritaður árið 2017. Endurskoðun rekstrartekna var án athugasemda.

Innheimta sektargreiðslna fer beint í ríkissjóð í gegnum TBR kerfið og var ekki til skoðunar að þessu sinni eins og fram kom í kafla 6.

8.2 Launakostnaður

Launakostnaður án starfsmannakostnaðar nam 5.428,3 m.kr. og hækkaði um 4,7% frá fyrra ári. Ársverk árið 2021 voru 390,4 skv. upplýsingum í HR hluta Orra og jukust um 0,7% frá fyrra ári. Launakostnaður skv. ársreikningi nam 82,7% af rekstrargjöldum.

Gagnaskoðun launa byggðist á úrtakskönnun og fyrirspurnum. Ógreidd önnur laun tengjast innleiðingu stofnanasamnings og er fjallað nánar um það í kafla 9.

Upplýsingar fengust um verklagsreglur varðandi laun og launavinnslu eins og fram kemur í kafla 6. Gerð var úrtakskönnun til staðfestingar á launagreiðslum starfsmanna. Launaforsendur s.s. vinnutímaskráning og stofnupplýsingar voru kannaðar ásamt ýmsum öðrum upplýsingum og bornar saman við launaseðla.

Gerð er athugasemd um að í nokkrum tilvikum voru ekki til gögn vegna launagreiðslu. Tryggja þarf að öll gögn til grundvallar útborguðum launum séu til staðar, undirrituð, og varðveitt með skipulegum hætti.

8.3 Önnur rekstrargjöld

Önnur rekstrargjöld námu 1.131,9 m.kr. Við könnun rekstrargjalda voru nokkrir valdir liðir skoðaðir með úrtakskönnun.

Innkaup á vinnufatnaði eru bæði í gegnum vefverslun og einnig er um að ræða vörukaup beint frá birgi. Fram kom m.a. að innkaupin voru byggt á útboði í nokkrum tilvikum og verðkönnunum. Fjármálastjóri fylgdist með hreyfingum á lagernum en öll innkaup fara í gegnum vörustýringu í Orra.

Kostnaður við hugbúnað, áskriftargjöld og öryggis- og rannsóknarkerfi byggir í mörgum tilvikum á heildstæðum samningum sem ríkið og stofnanir hafa gert. Greiða þarf m.a. leyfisgjöld fyrir sérstakan aðgang. Í úrtakskönnun komu fram innkaup þar sem ekki var talið rétt að nýta verðkönnun þegar horft var til ákvæða um öryggismál í 6. gr. og 7. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016. Var það gert samkvæmt ráðgjöf frá Ríkiskaupum.

Fram kom að aðkeypt þjónusta vegna keyptrá máltíða hefur ekki verið boðin út. Ákvörðun um viðskiptin byggjast ekki á útboðum eða formlegum verðkönnunum. Embættið hefur litið á þetta sem kaup á sértækri þjónustu og í öðrum tilvikum sem viðskipti á tilboðsverðum og undir viðmiðunarmörkum er varðar þjónustu sem þessa.

Við skoðun á innkaupum á öryggisbúnaði og viðgerðarkostnaði ökutækja kom í ljós að í mörgum þeirra tilvika sem skoðuð voru var byggt á verðkönnun. Einnig var keypt samkvæmt samningi að undangenginni verðfyrirspurn.

Að öðru leyti en hér kemur fram eru ekki gerðar athugasemdir vegna endurskoðunar annarra rekstrargjalda.

8.4 Niðurstöður

Taka þarf eftirfarandi atriði til skoðunar:

Gerð er athugasemd um að í nokkrum tilvikum voru ekki til gögn til staðfestingar launa í úrtakskönnun. Tryggja þarf að fullnægjandi gögn séu til staðar við afgreiðslu launa.

9 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2021 námu eignir 1.449,7 m.kr., skuldir námu 1.375,3 m.kr. og eigið fé var jákvætt um 74,7 m.kr.

9.1 Eignir

9.1.1 Fastafjármunir

Fastafjármunir námu 543,6 m.kr. í árslok 2021 samanborið við 484,4 m.kr. árið áður. Eignaskrá reyndist vera afstemmd við fjárhagsbókhald í árslok.

9.1.2 Veltufjármunir

Birgðir

Í árslok námu birgðir 20,4 m.kr. skv. ársreikningi sem samanstanda aðallega af einstaklingsbundnum sérhæfðum fatnaði fyrir lögreglumenn. Rök embættisins fyrir þessu lagerhaldi eru að það sé seint í vöfum að panta slíkar vörur beint hjá birgi þegar um er að ræða fatnað sem getur skemmst í vinnu. Pantanir frá þeim starfsmönnum sem þurfa að nota vöruna berast í gegnum vefinn í vefverslun LRH. Starfsmaður hjá embættinu sér um lagerinn. Lagerinn var talinn í janúar 2022. Mismunur talningar birgða og ársreiknings var 6,1 m.kr. þar sem talningin er lægri. Skýringar á mismun liggja ekki fyrir.

Eðlilegt hefði verið að færa þessa rýrnun til gjalda. Gerð er athugasemd við að virði lagersins hafi ekki verið fært til samræmis við niðurstöður talningar. Ef sívinnslukerfi er notað fyrir lagerinn sýnir hann alltaf bókfærða stöðu í rauntíma bæði hvað varðar magn og verð. Lagt er til að lagerinn sé talinn með kerfisbundnum hætti innan ársins til að hafa eftirlit með rýrnun. Endurbæta þarf gildandi verklagsreglur um lagerhaldið og innri verslun með fatnað.

Vörslufé

Í bókhaldi í árslok voru 315 mál skráð undir vörslureikninga samtals að fjárhæð 178,1 m.kr. Fjárhæðin er í bókhaldi í árslok afstemmd í heild við bankayfirlit. Úrtakskönnun á afstemmingu vörslureikninga var án athugasemda. Geymslufjármunir eru tilkomnir vegna haldlagningar á fé vegna rannsóknar á sakamálum og fundið fé. Fjárhæðir hærrí en 200 þús.kr. eru lagðar inn á sérreikninga en fjárhæðir undir 200 þús.kr. eru lagðar inn á einn sameiginlegan reikning. Fjármunir eru aðgreindir með málnúmeri lögreglu. Þegar lögreglumáli lýkur er viðkomandi vörslureikningur tæmdur.

Um vörslufé gildir reglugerð nr. 880/2019 um meðhöndlun, vörslur og sölu haldlagðra, kyrrsettra og upptækra eigna og muna.

Við lögreglurannsókn eru aðrir munir teknir til vörslu vegna rannsóknarhagsmuna og skráðir í lögregluketfið og hefur innri eftirlitseining á skrifstofu lögreglustjóra umsjón með því. Haldlagðir lausafjármunir, t.d. bifreiðar eru seldir í samráði við eiganda.

Handbært fé

Við endurskoðun bankareikninga voru send út staðfestingarbréf til viðskiptabanka og fengust svör bæði um stöðu vörslureikninga og almennra bankareikninga embættisins. Staða bankareikninga embættisins að fjárhæð 31,5 m.kr. var afstemmd í árslok.

Varðandi aðgangsheimildir bankareikninga vísast í umfjöllun í kafla 6 hér að framan.

Viðskiptakröfur og kröfur á ríkissjóð

Krafa á ríkissjóð í árslok nam 826,3 m.kr. Greiðslustaða við ríkissjóð nam 350,2 m.kr. í árslok. og eldri krafa á ríkissjóð vegna orlofsskuldbindinga nam 476,2 m.kr. Orlofsskuldbinding var færð árið 2017 sem áfallin skuldbinding í upphafi þess árs samkvæmt fyrirmælum Fjársýslu ríkisins.

Aðrar kröfur

Aðrar kröfur á ríkisaðila í A-hluta námu 23,1 m.kr. í árslok. Þess má geta að innheimta almennra krafna embættisins er höndum Fjársýslu ríkisins. Kröfur eru að mestu leyti í skilum.

9.2 Eigið fé og skuldir

9.2.1 Eigið fé

Eigið fé embættisins nam 74,4 m.kr. í árslok. Eigið fé hækkaði um 497,6 m.kr. milli ára eða sem nemur tekjuafgangi ársins 2021.

9.2.2 Skuldir

Viðskiptaskuldir

Skuldir við tengda aðila námu 35,6 m.kr. í árslok. Þar af var skuld við Ríkislögreglustjóra 34,9 m.kr. og við Fjársýslu ríkisins 591 þús. kr. Skuldinar höfðu verið greiddar þegar endurskoðun fór fram.

Skuldir við aðra lánardrottna námu 35,0 m.kr. voru yfirfarnar án athugasemda.

Orlofsskuldbinding

Orlofsskuldbinding og annar frítökuréttur nam 672,2 m.kr. í árslok 2021 samanborið við 691,5 m.kr. í árslok 2020.

Aðrar skuldir

Ógreidd laun námu 45 m.kr. í árslok. Skuldin er áætluð fjárhæð og tengist innleiðingu stofnanasamnings að meðtöldum áætluðum launatengdum gjöldum. Skuldin hafði ekki verið gerð upp þegar endurskoðun fór fram en samkvæmt upplýsingum frá embættinu er gert ráð fyrir að hún verði gerð upp fyrir lok árs 2022.

Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda

Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda nam 543,6 m.kr. í árslok sem endurspeglar bókfært virði fastafjármuna á efnahagsreikningi. Við þá fjárhæð bætist síðan ónotuð fjárfestingafjárveiting að fjárhæð 43,7 m.kr.

9.3 Niðurstöður/ábendingar

Taka þarf eftirfarandi atriði til skoðunar:

Mismunur talningar birgða og ársreiknings var 6,1 m.kr. þar sem talningin er lægri. Gerð er athugasemd um að virði lagersins var ekki fært til samræmis við niðurstöður talningar. Lagt er til að lagerinn sé talinn með kerfisbundnum hætti innan ársins og borinn saman við lagerbókhald. Endurbæta þarf gildandi verklagsreglur um lagerhaldið og innri verslun með fatnað.

Gerð er athugasemd við að skuld vegna áætlaðra launa hefur ekki verið gerð upp í bókhaldi embættisins. Samkvæmt upplýsingum frá embættinu er gert ráð fyrir að skuldin verði gerð upp fyrir lok árs 2022.

10 Önnur atriði

10.1 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.

10.2 Samþykki ársreiknings

Ársreikningur sjóðsins fyrir 2021 var samþykktur 27. apríl 2022. Einnig var staðfestingarbréf stjórnenda undirritað af lögreglustjóra sama dag.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448-8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is